

Nd.

558. Nefndarálit

[131. mál]

um frv. til l. um kaup og rekstur á nýju strandferðaskipi.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því, að ríkið láti byggja sérstakt strandferðaskip til fólks- og vöruflutninga á leiðinni Vestmannaeyjar—Reykjavík.

Engir dagvissir fólksflutningar eru nú milli Vestmannaeyja og annarra héraða, þegar frá eru taldar strandferðir Skipaútgerðar ríkisins, enda kemur það alltaf öðru hverju fyrir, að heilar vikur líða án þess að farþegar eigi þess kost að komast leiðar sinnar að eða frá Eyjum.

Þegar þess er gætt, að Vestmannaeyingar gjalda að sínum hluta alla þá milljónatugi, sem ríkið greiðir árlega til samgöngubóta með framlagi til vega og brúa, en hafa hins vegar lítið sem ekkert gagn af þeim fjárveitingum, þá er auðsæ skylda ríkisins til þess að tryggja Vestmannaeyingum öruggar samgöngur á sjó.

Vestmannaeyjar telja nú nokkuð á fimmta þúsund íbúa, en auk þess sækir á annað þúsund manna jafnan atvinnu til Eyja á vertíð, og er samgöngubörf héraðsins því ærin.

Þrátt fyrir þau augljósu rök, sem að samþykkt málsins hniga, hefur meiri hluti nefndarinnar ekki séð sér fært að mæla með samþykkt frumvarpsins, heldur gert tillögu um að vísa málinu til fyrirhugaðrar nefndar, sem rannsaka á samgöngubörf hinna ýmsu héraða landsins.

Ég efast ekki um, að sú nefnd mundi að óbreyttu ástandi viðurkenna þörf Vestmannaeyinga til bættra samgangna. En ég tel málið ekki þola þá bið, sem af slíkri afgreiðslu hlytist, þvert á móti tel ég, að leggja verði kapp á að hraða framgangi þess.

Sökum þess, hve málið hefur þegar dregizt, tel ég raunar vafasamt, hvort rétt muni að binda lagasetningu um það við nýsmíði skips, sem óhjákvæmilega tekur alllangan tíma. Kaup á notuðu skipi gætu og komið til greina.

Ef horfið yrði frá nýsmíðinni og leitað kaups á skipi, væri og rétt að hafa ákvæðin um stærð skipsins ekki þröngt bundin.

Með tilliti til ofanskráðs rökstuðnings legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eða láta smíða strandferðaskip fyrir reikning ríkissjóðs. Skal skipið vera 300—500 rúmlestir brúttó, byggt til fólks- og vöruflutninga, og skal hluti af farmrými þess búinn kælitækjum.

Alþingi, 23. marz 1956.

Karl Guðjónsson.